

Fundargerð 59. fundar stjórnar Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða.

Fundur var haldinn í fundarherbergi Ferðamálastofu miðvikudaginn 28. maí 2014 kl. 8:30 að Geirsgötu 9, 101 Reykjavík.

Viðstaddir: Albína Thordarson arkitekt FAÍ formaður, Anna G. Sverrisdóttir, Guðjón Bragason og Sævar Skaptason.

Frá FMS: Sólrún Anna Jónsdóttir og Björn Jóhannsson

Aðrir: Margrét Sæmundsdóttir frá Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytinu og Björgvin Valdimarsson frá umhverfis- og auðlindaráðuneytinu.

Dagskrá fundar

Björgvin Valdimarsson frá Umhverfisráðuneytinu og Margrét Sæmundsdóttir frá Nýsköpunar- og atvinnuvegaráðuneytinu komu til að ræða úthlutun styrkja úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða vegna átaks til uppbyggingar á ferðamannastöðum sumarið 2014

Rætt um tilhögun samninga fyrir Umhverfisstofnun hvort um sé að ræða einn samning, samning fyrir hvert verkefni eða nokkur verkefni í sama. Rætt var um samskipti milli aðila. Í lok fundar ályktaði stjórnin að gerður yrði samningur fyrir hvert verkefni.

Drög að reglugerð vegna aukaúthlutunar rædd. Stjórnin samþykkir drög að samningi fyrir utan fyrstu málsgrein í gr. 3 sem felld er út auk þess sem Björn gerir breytingu við greinina um útgreiðslu. Í stað 50% við undirskrift og 50% við lok verða hlutföllin 40% og 60% fyrir minni verkefni og þau sem vinnast hratt.

Margrét var spurð hvort um frekari styrkveitingar verði að ræða af hálfu ríkisstjórnarinnar, svo sem til átaks í salernismálum. Hún sagði að beiðni um sérstakt fjármagn til salernismála hefði farið fyrir ríkisstjórn en ekki verið samþykkt.

Gert er ráð fyrir að senda bréf ásamt samningi og afrit af reglugerðinni til styrkþega næsta þriðjudag með skiladagsetningu fyrir samningi og kostnaðaráætlun 16. Júní 2014.

Önnur Mál

Formaður minnti Guðjón Bragason á að ljúka þarf gerð starfsreglna.

Stjórn sjóðsins ræddi að vegna aukins álags sé nauðsynlegt að vinnuframlag Ferðamálastofu vegna verkefna sjóðsins verði aukið. Áherslu þyrfti að leggja á að auka eftirlit, ásamt því að leggja meiri áherslu á faglegan stuðning og ráðgjöf um verklegar framkvæmdir, m.a. með því að Ferðamálastofa beiti sér fyrir námskeiðum um fagmennsku við framþróun ferðamannastaða. Þetta mætti t.d. vera í samvinnu við Endurmenntunarstofnun HÍ.

Næsti fundur verður 24. Júní kl. 8:30.

Fundi slitið kl.10:30

Fundargerð ritaði Björn Jóhannsson

